

Sp.

512. Þingsályktun

um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans.

(Afgreidd frá Sp. 15. júlí).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að verja allt að 40000 kr. á ári af tekjum landssímans til bráðabirgðalaunaviðbótar handa starfsmönnum landssímans.

Stjórnarráðið úthlutar launaviðbót þessari, að fengnum tillögum landssímastjóra.

Engin dýrtíðaruppbót greiðist af launaviðbót þessari, og lækkar hún hjá hverjum einstökum að sama skapi sem dýrtíðaruppbótin kann að hækka frá því, sem hún er nú.